



897. fundur stjórnar GSÍ, 15. mars 2018 kl.18:00 haldinn í fundarsal GSÍ.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Jón B. Stefánsson, Gunnar K. Gunnarsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Hulda Bjarnadóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, Jón Steindór Árnason (fjarfundabúnaður) og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar (896)

Samþykkt og undirrituð

2. Sjóðstreymisfirlit

Brynjar Eldon Geirsson framkvæmdastjóri fór yfir sjóðstreymisfirlit sem byggt er á tölum 31.02.2018 ásamt því að fara yfir sundurliðun á gjöldum hveftrar starfsnefndar fyrir sig, sem af er fjárhagsári.

3. LEK, valreglur landsliða eldri kylfinga

Jón B. Stefánsson formaður LEK nefndar fór yfir vinnu undanfarinna vikna sem hann taldi hafa gengið vel og stór hluti upplýsinga um valreglur og mótahald LEK er tilbúinn til kynningar. Tillaga LEK nefndar um valreglur á EGA landsliðum var samþykkt einróma.

4. Formannafundur 2018

Tveir golfklúbbar höfðu lýst yfir áhuga á því að sjá um framkvæmd formannafundar GSÍ í nóvember næstkomandi. Annars vegar Golfklúbbur Grindavíkur og hins vegar Golfklúbbur Vestmannaeyja. Þar sem samvinna við GG og skipulagning var langt á veg komin þegar GV lýsti yfir áhuga sínum til að halda fundinn, og ákveðið hefur verið að aukaformannafundur fari fram samhliða Íslandsmótinu í golfi, sem haldið verður í Vestmannaeyjum, var ákveðið að formannafundurinn færi fram í Grindavík dagana 23.-24. nóvember. Golfklúbbi Vestmannaeyja verður tilkynnt um þetta og þakkað innilega fyrir sýndan áhuga.

5. IT málefni

Bergsteinn Hjörleifsson kynnti framvindu mála varðandi nýsmíði á vef Golf.is en vinna er hafin samkvæmt áætlun. Einnig fjallaði Bergsteinn um vefgátt sem er í smíðum eftir að u.þ.b. 10 golfklúbbar óskuðu eftir að tengja smáforrit (app) við gagnagrunn GSÍ. Bergsteinn lagði fram tillögu frá IT nefnd að GSÍ myndi láta hefja smíði á vefgátt og leggja út fyrir kostnaði vegna þess. Í kjölfarið myndu þeir golfklúbbar sem ætla sér að nota vefgáttina endurgreiða kostnaðinn. Tillagan var samþykkt og hlutverk GSÍ að



Þessu undanskildu verður að semja við forsvarsmenn GLFR smáforritsins um eignarhald gagna með persónuverndarlög að leiðarljósi.

6. Afrekssjóður ÍSÍ

Haukur Örn Birgisson fór yfir stöðu umsóknar GSÍ til afrekssjóðs ÍSÍ ásamt Brynjari sem skýrði frá innihaldi funda með stjórn sjóðsins til þessa ásamt dagsetningu næstu funda með tengilið sjóðsins. Áætlað er að línur skýrist fyrir byrjun apríl næstkomandi varðandi úthlutun úr sjóðnum til GSÍ.

7. Siðareglur GSÍ

Haukur Örn fór yfir umræðu síðustu mánaða í tengslum við #METOO en stjórn ræddi hinar ýmsu hliðar á vinnureglum og viðbragðsáætlunum ásamt því að fylgja vel eftir efni frá ÍSÍ til félaga innan GSÍ.

8. Samstarfsaðilar GSÍ

Haukur Örn kynnti fyrir stjórn stöðu mála hvað varðar aðal samstarfsaðila og þær viðræður sem staðið hafa yfir undanfarnar vikur.

9. Önnur mál:

- Vinnufundur stjórnar

Vinnufundur stjórnar mun verða dagana 19.-20 apríl næstkomandi á Flúðum en Haukur Örn bað formenn nefnda um að undirbúa þau mál sem stjórn mun ræða á fundinum. Farið verður yfir skipulag komandi mánuða á fundinum.

- Fatnaður stjórnar 2018

Brynjar fór yfir næstu skref í vali á fatnaði stjórnar fyrir komandi tímabil.

- Fundur með PGA.

Haukur Örn gerði grein fyrir niðurstöðu fundar með forsvarsmönnum PGA á Íslandi, sem fram fór 14. mars sl.

- Breytingar á golfreglum og nýtt forgjafarkerfi

Hörður Geirsson gaf stjórn innsýn inn í þær breytingar sem munu eiga sér stað á komandi árum varðandi golfreglurnar og nýtt heimsforgjafarkerfi (World Handicap System).

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl. 20:25